



Reykjavík, 6. febrúar 2024

MSS24010143

Borgarráð

## **Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um stuðning við unga innflytjendur**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samning við mennta- og barnamálaráðuneytið um stuðning við unga innflytjendur, dags. 18. janúar 2024. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024. Framlag mennta- og barnamálaráðuneytisins til verkefnisins samkvæmt samningnum er fjárframlag að upphæð kr. 4.737.000. Framlag Reykjavíkurborgar er framkvæmd og utanumhald verkefnisins og vinnuframlag starfsmanna. Reykjavíkurborg ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samningsins. Verkefnið er á ábyrgð velferðarsviðs í samstarfi við menningar- og íþróttasvið og Hitt Húsið. Framlag borgarinnar að öðru leyti felur í sér vinnuframlag velferðarsviðs, menningar- og íþróttasviðs og Hins Hússins, sem rúmast innan fjárheimilda sviðanna.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Umsögn skrifstofu sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs um samninginn, dags. 18. janúar.

Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um stuðning við unga innflytjendur, dags. 18. janúar 2024.



**Reykjavík**



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

---

### ***Umsögn um samning Reykjavíkurborgar og ríkisins um stuðning við unga innflytjendur***

Fyrir liggja drög að samstarfssamningi mennta- og barnamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um stuðning við unga innflytjendur (16 ára og eldri), tilvísun í málsnr. ríkisins MRN23120187. Efni samningsins er í meginatriðum eftirfarandi:

- Framlag ráðuneytisins til verkefnisins samkvæmt samningnum er fjárframlag að upphæð kr. 4.737.000. Verður framlagið, sem kemur frá málaflokki 29.4, af fjárlagalið 02-999-121, lagt inn á bankareikning viðskiptabanka samstarfsaðila eftir undirritun samstarfssamningsins.
- Framlag samstarfaðila, þ.e. Reykjavíkurborgar, til verkefnisins samkvæmt samningnum er framkvæmd og utanumhald verkefnisins og vinnuframlag starfsmanna. Samstarfsaðili ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samningsins.
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er framkvæmdaraðili samningsins fyrir hönd samstarfsaðila.
- Samningurinn gildir frá 1.janúar 2024 til 31. desember 2024

### ***Umsögn***

Meginmarkmið samningsins er að styðja við unga innflytjendur (16 ára og eldri) við að setja sögur með stafrænni tækni og deila þeim með ungu fólki frá Glasgow í Skotlandi, en samstarfsaðili, þ.e. Reykjavíkurborg, mun vinna verkefnið í samstarfi við skosku góðgerðasamtökin *Move On*. Með verkefninu er öðru ungu fólki gert kleift að öðlast sterkari rödd í samfélaginu og kynnast öðru ungu fólki í öðru umhverfi. Verkefnið beist sérstaklega að þeim tækifærum sem eru til samstarfs milli samfé.aga Breiðholtshverfis og Glasgow og sjálfbærra verkefna í Breiðholti og hjá *Move On*.

Samningurinn er að fjárhæð kr. 4.737.000,- til eins árs og felur framlag borgarinnar að öðru leyti í sér vinnuframlag velferðarsviðs sem rúmast innan fjárheimilda sviðsins.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

# Samstarfssamningur

## mennta- og barnamálaráðuneytisins

### og Reykjavíkurborgar

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt „ráðuneytið“, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, í þessum samningi nefnd „samstarfsaðili“, gera með sér svofelldan samstarfssamning:

#### 1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- 1.1. Meginmarkmið þessa samnings er að styðja unga innflytjendur (16 ára og eldri) við að segja sögur með stafrænni tækni og deila þeim með ungu fólki frá Glasgow í Skotlandi, en samstarfsaðili mun vinna verkefni samnings þessa í samstarfi við skosku góðgerðarsamtökin *Move On*. Með verkefninu er ungu fólki gert kleift að öðlast sterkari rödd í samfélaginu og kynnast öðru ungu fólki í öðru umhverfi. Verkefni samningsins beinist sérstaklega að þeim tækifærum sem eru til samstarfs milli samfélaga Breiðholtshverfis og Glasgow og sjálfbærra verkefna í Breiðholti og hjá *Move On*. Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á tækifærin sem eru í hverju samfélagi til framþróunar og mun verkefnið m.a. leitast við að auka seiglu í samfélögunum með samvinnu og samstarfi. Verkefnið miðast við þátttöku leiðbeinenda og a.m.k. fjögurra þátttakenda. Útbúnað verða stafrænar frásagnir og þátttakendur verða þjálfaðir í tækni, handritsgerð o.fl. svo þeir geti deilt þekkingu sinni áfram og mun samstarfsaðili leita eftir samvinnu við aðila sem hafa þekkingu og reynslu á því sviði. Sambærileg framkvæmd er fyrirhuguð í Glasgow. Afurð verkefnisins verður kynnt á samfélagsmiðlum ásamt formlegri kynningu.
- 1.2. Verkefnið skal taka á eftirfarandi þáttum:
  - a. félagslegri og stafrænni útilokun,
  - b. slæmri andlegri heilsu og aukinni líkamlegri vellíðan,
  - c. lágu sjálfsmati, og
  - d. mismun á grundvelli þjóðernis, stéttar eða búsetu.
- 1.3. Tilgangur verkefnisins er m.a. að:
  - a. kanna hvaða hlutverkum íbúar gegna í félagslegri, menningarlegri, umhverfislegri og efnahagslegri þróun í samfélaginu, annars vegar í Skotlandi og hins vegar á Íslandi,
  - b. deila þekkingu þegar kemur að þátttöku ungmenna,
  - c. styðja fólk til þátttöku í skapandi verkefnum sem gætu verið atvinnuskapandi,
  - d. auka verðmæti starfa innan samfélaganna, og
  - e. stuðla að bættu umhverfi og aukinni menntun.
- 1.4. Með þessum samningi skuldbinda samningsaðilar sig til að taka þátt í verkefni samnings þessa, sem er aðgerð í heildrænni nálgun stjórnvalda til að stemma stigu við ofbeldi og áhættuhegðun barna.
- 1.5. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er framkvæmdaraðili samningsins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

#### 2. Framlag og skyldur aðila samningsins

- 2.1. Framlag ráðuneytisins til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er fjárframlag að upphæð kr. 4.737.000. Verður framlagið, sem kemur frá málaflokki 29.4, af fjárlagalið 02-999-121, lagt inn á bankareikning viðskiptabanka samstarfsaðila eftir undirritun samstarfssamnings þessa.

- 2.2. Framlag samstarfaðila til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er framkvæmd og utanumhald verkefnis samnings þessa og vinnuframlag starfsmanna. Samstarfsaðili ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samnings þessa.
- 2.3. Aðilar samningsins skulu funda reglulega yfir samningstímann, a.m.k. þrisvar sinnum, þar sem farið verður yfir framvindu verkefnisins og samþættingu aðgerða til að stemma stigu við ofbeldi. Tengiliður ráðuneytisins mun hafa umsjón með boðun og utanumhaldi funda.
- 2.4. Samstarfsaðili skal veita ráðuneytinu allar upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess, eins fljótt og auðið er.
- 2.5. Þá skilar samstarfsaðili ráðuneytinu skýrslu um árangur af verkefninu við lok samningstíma.
- 2.6. Tengiliður samstarfsins í mennta- og barnamálaráðuneytinu er Hlín Sæþórsdóttir, sérfræðingur, og tengiliður samstarfsaðila er Óskar Dýrmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri Suðurmíðstöðvar.

### 3. Vanefndir

- 3.1. Aðilar samningsins skulu tilkynna hvor öðrum tafarlaust ef þeir telja vafa leika á um að þeir geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greina aðilar frá úrræðum sem þeir hyggjast grípa til.
- 3.2. Samningsaðilum er heimilt að rifta samningi þessum efni gagnaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Í slíkum tilvikum er ráðuneytinu heimilt að endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.
- 3.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 3.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 4. Gildistími og uppsögn

- 4.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024.
- 4.2. Samningurinn er háður samþykki borgarráðs.
- 4.3. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með eins mánaða fyrirvara. Óski samstarfsaðili eftir því að segja samningnum upp skal samstarfsaðili endurgreiða ráðuneytinu framlagið í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af samningstíma.

Reykjavík, 18. janúar 2024

Ásmundur Einar Daðason  
mennta- og barnamálaráðherra

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri